

# Slanga sett í nýra

## (nephrostomy)

Slanga er sett inn í nýra gegnum húð til að tryggja rennsli þvags frá nýra.

### Undirbúningur heima

Fasta þarf á mat og drykk í fjórar klukkustundir fyrir aðgerð. Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim vegna áhrifa lyfja sem stundum eru gefin í tengslum við aðgerðina.

### Aðgerðardagur

Fara þarf í sturtu heima að morgni aðgerðardags. Ekki má nota húðkrem eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

### Mæting er á dagdeild skurðlækninga A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi á umsömdum tíma.

Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu og verkjalyf eru gefin eftir þörfum. Stungið er í gegnum húð á nýrnastað, slanga þrædd inn í nýra og fest með saumi við húð. Tengislanga er tengd við þvagspoka og umbúðir settar á stungustað. Þvagspoki er festur á fótlegg eða læri. Búið er þannig um að tengislangan valdi sem minnstum óþægindum, hindri ekki hreyfingu og ekki komi á hana brot eða tog.

### Eftir aðgerð

Að aðgerð lokinni fer sjúklingur á dagdeild skurðlækninga A5 í Fossvogi og útskrifast þá þaðan samdægurs eða á þá deild sem hann kom frá.

#### Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Endurkomutíma á göngudeild þvagsfæra 11A
- Útskriftarfræðslu
- Kennslu í að tæma þvagspoka

# Útskriftarfræðsla

## Verkir

Búast má við eymslum á stungustað fyrstu dagana eftir aðgerð. Taka má verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils í apóteki. Ef nýrnastarfsemi er skert þarf að forðast að nota bólgueyðandi lyf.

## Þvag

- Þvagið getur verið blóðlitað fyrstu dagana. Æskilegt er að drekka 1,5-2 lítra af vökva á sólarhring.
- Gæta þarf þess að þvag renni í þvagnokann. Ráðlagt er að losa um böndin sem halda pokanum fyrir nóttina. Böndin eru með frönskum rennilás og þola þvott.
- Þvagnokann þarf að tæma reglulega svo hann yfirfyllist ekki og alltaf þarf að tæma hann fyrir svefn. Til að tæma þvagnokann er lokan á enda hans opnuð. Mikilvægt er að þvo hendur fyrir og eftir tæmingu þvagnokans.

## Sturta

Óhætt er að fara í sturtu en ekki baðkar eða sund meðan slanga í nýra er til staðar.

## Umbúðir

- Skipta þarf um umbúðir á 7-10 daga fresti og eftir þörfum. Rakaheld filma er yfir umbúðunum.
- Skipta þarf um tengislöngu og þvagnpoka á þriggja vikna fresti.

Starfsfólk hjúkrunarheimila skiptir á tengislöngu og þvagnpoka hjá þeim sem þar búa og sér um að skipt sé um slöngu í nýra.

## Eftirlit

- Eftirlit hjá hjúkrunarfræðingi á göngudeild þvagnfæra 11A um tíu dögum eftir aðgerð.
  - » Skipt er um umbúðir og saumar í húð fjarlægðir.
  - » Leiðbeint er um áframhaldandi eftirlit með umbúðum og slöngum. Send er beiðni til heimahjúkrunar/heilsugæslu ef áframhaldandi skiptingar fara fram þar. Send er beiðni til Sjúkratrygginga Íslands um þvagnpoka, tengislöngur og umbúðir ef skiptingar fara fram utan Landspítala. Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði. Vörurnar eru afgreiddar í Lyfju í Lág múla.
- Læknir sjúklings sendir beiðni til röntgendeildar í Fossvogi um skiptingu á slöngu inn í nýra sem er gert á þriggja mánaða fresti.

### Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra eða heimahjúkrun ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Hiti er hærri en 38,5°C
- Þvag er illa lyktandi
- Þvag er mjög blóðugt
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Leki er meðfram slöngu eða ekkert kemur í poka
- Slanga rennur út

**Í neyðartilfellum eða utan opnunartíma göngudeildar er leitað á bráðamóttöku**

## Símanúmer

Röntgendeild E3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi er opin virka daga kl. 08:00-16:00, sími 543 8042.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin 08:00-16:00, sími 543 7100.

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.